

# Ungir innflytjendur og flóttafólk í þáttökumiðuðu skólastarfi

Varða á leið til inngildingar og borgaravitundar í Reykjavík og Osló (I-PIC)

## Meginmarkmið verkefnisins:

Rannsóknin fólst í að því að kanna aðstæður ungmenna með stöðu innflytjenda eða flóttafólks til lýðræðislegrar menntunar og þróunar borgaravitundar í tveimur borgum: Reykjavík og Osló.

Markmið verkefnisins var að þróa í sameiningu sjónrænar og þáttökumiðuðar kennsluáðferðir sem styrkja nemendur af innflytjendabakgrunni til að tjá eigin reynslu og skilning á borgaravitund, inngildingu og útilokun. Skoðað var hvernig skólinn getur leitt ungmenni inn í þáttökumiðuð nám með því að gefa þeim tækifæri til að láta sjónarmið sín birtast í gegnum eigin ljósmyndir og túlkun á þeim.

## Helstu niðurstöður:

Verkefnið leiddi í ljós að kennarar nýttu kennsluáðferðirnar sem þróaðar voru í verkefninu til þess að skapa fleiri og fjölbreyttari rými fyrir nemendur til aukinnar þátttöku og inngildingar. Kennarar í Noregi og á Íslandi upplifðu sambærilegar áskoranir þegar kom að því að mæta nemendum með bakgrunn innflytjenda og flóttafólks sem fólust ekki síst í skorti á tíma og rými til þess að stíga út fyrir ramma hefðbundinna kennsluhátta.

Verkefnið skilaði fræðigreinum, ráðstefnukynningum, lokaverkefnum nemenda, kennsluefni og öðrum afurðum. Meðal afurða voru kennsluhandbók sem gefin var út af Miðstöð menntunar og skólabjónustu, ljósmyndasýning með verkum nemenda og innleiðingarferli aðferðanna í skólum á Íslandi og í Noregi.



Berglind Rós  
Magnúsdóttir  
prófessor  
[brm@hi.is](mailto:brm@hi.is)



Eva  
Harðardóttir  
Lektor  
[evahar@hi.is](mailto:evahar@hi.is)




Ólafur Páll  
Jónsson  
Prófessor  
[opj@hi.is](mailto:opj@hi.is)

## Hagnýtt gildi rannsóknar

Verkefnið varð til þess að kennsluáðferðirnar hafa verið notaðar áfram í framhaldsskólum á Íslandi og í Noregi. Þær hafa gert meira en 300 nemendum, bæði af innflytjendabakgrunni og innlendum uppruna, kleift að tjá reynslu sína í gegnum sjónræna frásögn. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir ungt innflytjenda- og flóttafólk sem getur mætt tungumálalegri eða félagslegri jaðarsetningu. Niðurstöðurnar hafa verið kynntar bæði í fræðasamfélaginu og fyrir stefnumótendum og hafa haft áhrif á þróun kennsluhátta í átt að meira inngildandi skólastarfi. Kennarar vinna jafnframt að því að útvíkka verkefnið innan sinna skóla og í svæðisbundnum tengslanetum.

Kennslubækurnar Myndamáttur og Sjálfbærni eru aðgengilegar á heimasíðu Miðstöðvar menntunar og skólabjónustu. Í fyrsta kafla bókarinnar Sjálfbærni er fjallað um hnattræna borgaravitund.



## Hvar finn ég meira um rannsóknina?

[www.mvsrannsoknir.hi.is](http://www.mvsrannsoknir.hi.is)

IRIS Rannsóknagátt

Rannmennt